



Skilgreiningar reykvískra barna á fátækt

Elísa Kristinsdóttir, félagsráðgjafi MA,
hjá Suðurmiðstöð

Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW,
dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ



Elísa Kristinsdóttir



Hervör Alma
Árnadóttir

Útdráttur

Til þess að sporna við fátækt og skilja stöðu barna sem búa við fátækt þarf að hlusta betur á hugmyndir barna um fátækt og hvernig megi bæta líf fátækra og aðstæður. Markmiðið hér er að kanna hvað börn skilgreina sem fátækt í umhverfi sínu. Því er spurt: Hvað skilgreina reykvísk börn sem fátækt og hvað telja þau að sé mikilvægt að gera til að bæta aðstæður barna sem búa við fátækt? Gögnum var safnað með meginlegum spurningalista sem var lagður fyrir 96 börn í 7. bekk tveggja grunnskóla og svörin greind með lýsandi tölfræði. Í niðurstöðum kom fram að rúmlega 83% barnanna þekktu til fátæktar eða töldu hana vera til staðar í nærumhverfi sínu. Þegar börnin voru beðin að skilgreina fátækt kom í ljós að 80,2% þeirra þótti fólk vera fátækt þegar það hefði ekki nóg að borða. Um 28% barnanna töldu það vera merki um fátækt þegar fólk gæti ekki tekið þátt í tómstundum vegna kostnaðar og tæplega 20% barnanna skilgreindu þá fátæka sem ekki gætu farið í frí með fjölskyldu sinni. Börnunum fannst mikilvægt að hjálpa þeim sem búa við fátækt með því að gefa þeim peninga til þess að þau gætu gert það sama og aðrir.

Rannsóknir á áhrifum fátæktar á börn eru mikilvægar í félagsráðgjöf til að geta betur komið til móts við þarfir barna sem búa við fátækt.

Lykilorð: börn, fátækt, skilgreining, réttindi.

Abstract

It has been pointed out that in order to understand the situation of children living in poverty, more emphasis needs to be placed on listening to their ideas. The aim of this study was to examine children's views on poverty, how they perceive poverty and how they think it manifests itself in their immediate environment. The research questions were: What are the views of children living in Reykjavík on poverty in Iceland and what do these children think is important to do to improve the situation of children that, in their opinion, live in poverty?

Data was collected using a questionnaire answered by 96 13 years old children. The data was analyzed using descriptive statistics. The findings indicate that children in Reykjavík define poverty as a lack of basic needs such as food and clothing. They thought it was important to help those living in poverty by giving them money.

It is important to increase the number of studies with children to better understand the situation of children and their ideas on how to improve services for children with social difficulties.

Keywords: children, poverty, attitudes, rights.

Inngangur

Árið 2020 hjuggu 47% barna í heiminum við fátækt og því var spáð að það hlutfall myndi hækka í kjölfar Covid-19-faraldursins (Buheji o.fl., 2020; Van Lancker og Parolin, 2020). Niðurstöður nýlegra kannana benda til þess að þessi spá sé að ganga eftir og talið er að fjárhagsleg áhrif faraldursins bitni hvað verst á barnafjölskyldum (Drake og Williams, 2022). Árið 2018 var um 11,1% íslenskra barna 0–15 ára undir lágtekjumörkum samfélagsins, eða 7.945 börn (Hagstofa Íslands, 2019). Í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 hafa áhyggjur aukist af aðstæðum og afdrifum barna sem búa við félagslega erfiðleika og því hefur verið velt upp hvort hlutfall þeirra barna sem búa við fátækt eigi eftir að hækka. Í skýrslu er bent á að efnahagsleg og heilsufarsleg áhrif faraldursins hafi verið mikil hér á landi, þó að of snemma sé að meta áhrif hans almennt á líf barna (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir o.fl., 2022).

Almenn skilgreining á fátækt er að einstaklingar eða fjölskyldur séu fátækar ef þær hafa ekki þær hjargarir sem nauðsynlegt er að hafa til að lifa mannsæmandi lífi innan samfélags þeirra (Bradshaw o.fl., 2007). Í félagslegu samhengi er stuðst við tvær megin skilgreiningar á fátækt, annars vegar afstæða fátækt (e. relative poverty line) og hins vegar algilda fátækt (e. absolute poverty line) (Bradshaw o.fl., 2007; Stefán Ólafsson og Guðný



Björk Eydal, 2012). Þegar reiknuð eru út algild fátæktarmörk er kannað hvað þarf til þess að komast af í samfélaginu og talin eru upp þau atriði sem álitin eru nauðsynleg til framfærslu. Ef einstaklingur hefur ekki þær tekjur sem miðað er við er hann talinn fátækur og er því undir algildum fátæktarmörkum (De Neubourg o.fl., 2013). Með afstæðum fátæktarmörkum, sem algengast er að nota í samtímanum, er fólk skilgreint fátækt ef tekjur þess fara undir skilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við, með tilliti til fjölskyldustærðar. Þau viðmið byggjast á því að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að fá meira en mat og húsnæði til að njóta velferðar. Þau þurfi einnig að eiga kost á þeim lífsskilyrðum og þægindum sem eru viðurkennd í samfélaginu sem þau búa í (Stefán Ólafsson, 1999; Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal, 2012). Hefðbundnir mælikvarðar hafa verið gagnrýndir fyrir það að of mikil áhersla sé lögð á lífsgjör fjölskyldna á kostnað upplýsinga um kjör, aðstæður og upplifun barna í samtímanum. Á undanförunum árum hafa rannsakendur því í auknum mæli leitað eftir virkri þátttöku barna og beitt sjónarhorni þeirra til þess að mæla fátækt barna. Markmiðið með því að beita barnasjónarhorni í rannsóknum þegar barnafátækt er skoðuð er að fanga upplifun barna af fátækt og áhrif hennar á lífsgæði þeirra (Fern, 2012; Ridge, 2009; Tatlow-Golden, 2020).

Í greininni eru kynntar niðurstöður rannsóknar þar sem markmiðið var að rannsaka hvað börn skilgreina sem fátækt í umhverfi sínu. Tilgangurinn er að varpa ljósi á það hvað börn skilgreina sem merki um fátækt og hvað þau telja að megi gera til að sporna gegn fátækt. Rannsóknarspurningarnar eru: Hvað skilgreina reykvísk börn sem fátækt og hvað telja þau að sé mikilvægt að gera til að bæta aðstæður barna sem búa við fátækt?

Mikilvægt er fyrir þróun félagslegrar þjónustu að fjölga rannsóknum þar sem gagna er aflað með beinni þátttöku barna með það að leiðarljósi að upplýsa um þarfir þeirra og reynslu.

Réttindi barna til þátttöku

Í kjölfar aukins áhuga og rannsókna í bernskufræðum hafa viðhorf til barna og hugmyndir um getu þeirra breyst á síðustu þremur til fjórum áratugum. Horfið hefur verið frá eldri hugmyndum þar sem litið var á börn sem ófullkomna einstaklinga (e. becoming), sem biðu þess að verða fullorðnir til þess að öðlast réttindi og geta tekið þátt í samfélaginu, til þeirra samtímahugmynda að líta á börn sem sjálfstæða einstaklinga með eigin rétt (e. being) til þátttöku í málefnum sem þau varða (James o.fl., 2012; Mayall, 2002/2009;

Qvortrup, 1994). Áhrifa þessara hugmynda gætir víða í lagasetningu um réttindi barna til þátttöku og virkni. Nærtækast er að nefna lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem voru lögfest á Íslandi árið 2013 (Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir, 2015) og fela í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að líta beri á börn sem sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi óháð réttindum fullorðinna (Lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins). Börn eiga því bæði lagalegan og siðfræðilegan rétt á tækifærum og stuðningi til þátttöku í rannsóknum um persónuleg málefni og um samfélagslega þætti, eins og fátækt. Þekking barna er dýrmæt og með því að hlusta á börn fæst innsýn í hugarheim þeirra, viðhorf og hugmyndir að lausnum (Carter, 2009; Frago, 2019; Graham o.fl., 2015; Mossige og Backe-Hansen, 2013; Seim og Slettebø, 2017; Vis o.fl., 2011).

Til þess að fá börn til þátttöku í rannsóknum þurfa rannsakendur að afla formlegra leyfa og fá aðstoð við aðgengi að börnum. Þetta á sérstaklega við ef um er að ræða börn sem búa við félagslega flóknar aðstæður og málefnið er skilgreint sem viðkvæmt (Guðrún Kristinsdóttir, 2017). Eftir að hafa fengið leyfi vísindasíðanefnda og stofnana þurfa rannsakendur að reiða sig á aðstoð hliðvarða (e. gatekeepers) sem oft eru fagfólk og foreldrar/forsjáraðilar sem stjórna aðgengi að rannsóknarvettvangi og gæta hagsmuna þeirra barna sem um ræðir (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015; McLaughlin, 2007; Reeves, 2010; Skelton, 2008). Aðgengi að börnum hefur reynst rannsakendum flókið ferli og tímafrekt. Rannsakendur hafa gagnrýnt hliðverði fyrir að leggja of mikla áherslu á að hlífa börnum við þátttöku í stað þess að styðja þau til þess að taka þátt. Því hefur verið velt upp í því samhengi hvort hliðverðir gætu verið að hlífa sjálfum sér af einhverri ástæðu og skerða þar með rétt barna til að tjá sig (Mossige og Backe-Hansen, 2013; Vis o.fl., 2012), um leið og þeir vísa til réttinda barna til þess að tjá sig um líf sitt og aðstæður (Daley, 2015; Powell o.fl., 2020).

Viðhorf barna til fátæktar

Niðurstöður erlendra rannsókna á viðhorfi barna til fátæktar benda til þess að börn tengi fátækt við skort á efnislegum þáttum eins og fatnaði, mat og góðu húsnæði og þá skort á peningum, fremur en við félagslega þætti (Andresen og Meiland, 2019; Phiri og Abebe, 2016; Heberle o.fl., 2018). Almennir virðast börn telja það sjáft á klæðnaði barna að þau séu fátæk og því séu börn sem búa við slíkan skort öðruvísi en önnur börn.



Föt þeirra séu óhrein og slitin og þau uppfylli því ekki samfélagsleg viðmið jafnaldranna þeirra um klæðnað. Eins sé matur oft af skornum skammti á heimilum fátækra barna og þau börn þurfi því oft að skammta sér mat yfir daginn (Hakovirta og Kallio, 2016; Phiri og Abebe, 2016). Í niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið með börnum sem búa við fátækt eða í lágtekjuhverfum er tekið undir þetta efnislega viðhorf, að því viðbættu að börn sem búa við fátækt virðast meðvitaðri en önnur börn um verðlag á nauðsynjum og þá hversu lengi ákveðin peningaupphæð dugir fyrir þeim nauðsynjum. Þau börn lýstu áhyggjum sínum af því að ekki væri nægur matur til í mötuneyti skólanna þeirra og voru stressuð yfir því að ef þau kæmu seint í mat yrði allur maturinn búinn og þau fengju því ekki neitt (Andresen og Meiland, 2019). Þessi hópur barna telur að skortur á efnislegum gæðum geti leitt af sér skort á félagslegum gæðum sem svo geti leitt af sér félagslega skömm (e. stigma). Einnig töldu þau sig hafa færri möguleika til að nota tíma með jafnöldrum en önnur börn og það hefði oft í för með sér félagslega útilokun. Börn sem búa við skort leggja áherslu á félagslegt hlutverk skólanna og tengja það sérstaklega framboði á nærandi mat og ókeypis nesti í ferðum á vegum skólanna (Odenbring, 2019).

Niðurstöður íslenskra rannsókna endurspeglar að nokkru leyti niðurstöður erlendu rannsókna. Jeans (2007) safnaði gögnum frá 206 íslenskum börnum á aldrinum tíu til tólf ára með meginlegum spurningalistum. Markmiðið var að kanna viðhorf og upplifun barna af fátækt. Niðurstöður bentu til þess að flest börn vissu af fátækt í umhverfi sínu en fá börn teldu sig búa við fátækt. Niðurstöðurnar veittu innsýn í skilning barna á fátækt, þau töldu fátækt vera óuppfylltar grunnþarfir fólks en lögðu einnig áherslu á það að fátækt gæti verið skortur á félagslegum tengslum. Fram kom að börnin vildu gjarnan safna peningum fyrir fátæka og töldu að stjórnvöld myndu bregðast við með aðstoð við atvinnuleit og með því að lækka verðlag, greiða reikninga og húsnæðisgjöld. Auk þess nefndu börnin að þau myndu vilja að boðið yrði upp á aðstoð við félagsleg tengsl, til dæmis að vera vinur fátækra barna eða útvega þeim fjölskyldu. Niðurstöður rannsóknar Hervarar Ölmú Árnadóttur og Soffíu Hjördísar Ólafsdóttur, (2019) þar sem tekin voru eigindleg viðtöl við 11 börn á aldrinum sjö til 12 ára sem bjuggu við fjárhagslega erfiðar aðstæður og áttu foreldra sem höfðu haft fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi sér til framfærslu í þrjá mánuði eða lengur, eru samhljóða niðurstöðum margra erlendra rannsókna. Börnin lýstu flest talsverðri streitu á heimili sínu vegna

fjárskorts og oft ótímabærri ábyrgð á yngri systkinum vegna heilsuleysis foreldra/forsjáraðila. Þau töldu skort á efnislegum gæðum hafa viðtæk neikvæð áhrif, til dæmis á félagsleg tengsl við vini og fjölskyldu. Líf barnanna einkenndist af örurum flutningum á milli staða og oft þröngum og ófullnægjandi húsakosti. Vegna þröngbýlis lýstu börnin oft streitu og ósamkomulagi á heimilinu. Eins höfðu flutningar áhrif á tækifæri þeirra til tómtunda og vinatengsla og það leiddi til þess að þau voru ekki í reglulegum tómtundum og áttu fáa eða jafnvel enga vini.

Aðferð

Rannsóknin, sem greint er frá í þessari grein, var meginleg og gögnum safnað með spurningalista sem lagður var fyrir 116 börn í 7. bekk í tveimur skólahverfum. Alls svöruðu 96 nemendur, sem samsvarar 82,8 % þátttökulutfalli, fjórir listar voru ómarktækir. Spurningalistinn innihélt 27 lokaðar spurningar og staðhæfingar og eina opna spurningu. Opna spurningin fjallaði um hugmyndir barnanna um það hvernig mætti útrýma fátækt. Spurningalistinn, sem lagður var fyrir tíu til tólf ára börn árið 2007, var hannaður af Cynthiu Lisu Jeans félagsráðgjafa og Guðnýju Björk Eydal prófessor og var byggður á kenningum um félagslega samheldni (e. social cohesion) með áherslu á sjónarmið barna (Jeans, 2007). Spurningalistinn var yfirfarinn og aðlagður samtímanum. Rannsóknin var lögð fyrir í tveimur skólahverfum Reykjavíkurborgar. Talsverður tekjumunur er á hverfunum tveimur. Umtalsvert færri hátekjufjölskyldur og þó nokkuð fleiri lágtekjufjölskyldur voru í hverfi A en í hverfi B (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Þessum hverfum hafa verið gefin nöfnin Akra- hverfi (hverfi A) og Gilshverfi (hverfi B).

Þátttakendur og aðgengi

Þar sem þátttakendur voru í 7. bekk og því flestir 13 ára gamlir var fengin umsögn frá vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. Að fenginni umsögn var leitað til hlíðvarða. Fyrst var haft samband við yfirmenn Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem veittu leyfi til þess að hafa samband við skólastjórnendur sem höfðu síðan samband við viðkomandi kennara og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að fá leyfi foreldra/forsjáraðila og þá aðgengi að nemendum. Að lokum var farið fram á samþykki barnanna fyrir því að taka þátt í rannsókninni og þá að leggja spurningalistann fyrir. Þetta ferli tók langan tíma og lauk með því að aðgengi fékkst aðeins í tveimur skólum á þeim tveimur mánuðum sem rannsakendur höfðu til að afla gagna. Kynningarbréf var sent til for-



eldra barnanna með upplýsingum um rannsóknina. Þá var kynningarbréf sent til nemenda svo að þeir gætu tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku í rannsókninni. Spurningalistinn var síðan lagður fyrir í lok október 2020. Rannsakendur mættu talsverðum hindrunum við að fá umsögn og leyfi fyrir rannsókninni og það leiddi meðal annars til þess að nokkrar spurningar voru teknar út úr upphaflegum lista. Þessar hertu reglur takmörkuðu möguleika á þeim samanburði sem upphaflega stóð til að gera á niðurstöðum milli ára, það er að segja milli ára 2007 og 2020.

Lýsandi tölfræði (e. descriptive statistics) var notuð við úrvinnslu gagna. Þannig eru niðurstöður settar fram á einfaldan hátt með því að nota hlutföll, tíðni, fylgni milli breyta og samband milli hópa. Notuð var tíðni (e. frequency) og krosstöflur (e. crosstab) þegar unnið var við niðurstöður spurningalistans. Tíðni er notuð þegar verið er að skoða fjölda og er þá ekki verið að bera saman hópa. Gott er að nota krosstöflur til að skoða tengsl á milli tveggja nafnbreyta. Notað var kí-kvaðrat-próf til þess að mæla marktækni á milli breyta, en kí-kvaðrat próf segir til um hvort frumbreyturnar hafi marktæk áhrif á fylgibreyturnar. Til að skoða marktæknina er horft á p-gildi. Ef p-gildið er undir 0,05 er kí-kvaðrat-prófið marktækt (Engel og Schutt, 2009).

Takmarkanir og siðfræðileg álitamál

Forsenda þess að fá leyfi Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur er umsögn frá vísindasiðanefnd Háskóla Íslands (Vísindasiðareglur Háskóla Íslands, 2014).

Þar sem bæði er fjallað um börn og fátækt í rannsókninni flokkast hún sem viðkvæm og krefur rannsakendur um nærgætni (Guðrún Kristinsdóttir, 2017; Martins o.fl., 2018). Reglum um persónuvernd var fylgt og þess gætt að ekki væri hægt að rekja svör til ákveðinna þátttakenda.

Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar um það hvernig börn skilgreina fátækt og svo hvaða tillögur þau voru með til þess að draga úr fátækt eða koma í veg fyrir að börn upplifi skort.

Skilgreining barna á fátækt

Þegar börnin voru beðin að skilgreina fátækt kom í ljós að langflest börnin, eða 80,2%, töldu að fólk væri fátækt þegar það hefði ekki nóg að borða. Jafnframt tók meirihluti barnanna fram að fátækt væri að eiga ekki hlý og góð föt og 46,9% þátttakenda þóttu það merki um fátækt ef fólk ætti ekki eigið heimili. Um 28,1% barnanna taldi

fólk vera fátækt ef það gæti ekki tekið þátt í íþróttum eða tómstundum og 19,8% álitu það fólk sem ekki gæti farið í bíó eða á tónleika vera fátækt. 37,5% þátttakenda þótti það merki um fátækt að eiga ekki fjölskyldu og 19,8% barnanna töldu fólk sem ekki gæti farið með fjölskyldu sinni í sumarfrí vera fátækt. Aðeins 16,7% þátttakenda töldu fólk sem ekki ætti vini vera fátækt. Efnislegar eigur eins og sjónvarp, tölva og bíll þóttu skipta minna máli þegar fátækt var skilgreind. Ekki var marktækur munur milli skólahverfa á því hvernig börn skilgreindu fátækt eða hvað þau töldu vera vísbendingar um fátækt, en þegar skoðuð var skilgreining barnanna á fátækt út frá fjölskylduaðstæðum mátti sjá að marktækur munur var á álitum þeirra á mikilvægi munaðarvara. Börn sem bjuggu hjá báðum foreldrum voru líklegri til þess að skilgreina það sem fátækt að eiga ekki sjónvarp, tölva eða bíl en börn sem bjuggu hjá einu foreldri. Börn sem töldu sig einhvern tímann hafa búið við fátækt voru marktækt líklegri til þess að finnast það ekki vera merki um fátækt að eiga ekki bíl en þau sem ekki töldu sig hafa upplifað fátækt sjálf.

Tafla 1. Skilgreiningar barna á fátækt eftir fjölskylduaðstæðum

	Býr ekki hjá báðum foreldrum	Býr hjá báðum foreldrum	Alls n(%)
Á ekki nóg að borða	66,6	84,7	77 (80,2)
Á ekki vini	13,0	18,1	16 (16,7)
Á enga fjölskyldu	34,8	38,9	36 (37,5)
Á ekki eigið heimili (býr heima hjá öðrum)	50,0	45,8	45 (46,9)
Á ekki sjónvarp*	5,3	12,5	11 (11,5)
Á ekki tölva*	9,7	13,7	13 (13,5)
Á ekki bíl*	9,7	20,8	18 (18,8)
Á ekki hlý og góð föt	21,7	61,6	61 (63,5)
Getur ekki farið í frí með fjölskyldunni t.d. til útlanda, eða innanlands	18,1	19,4	19 (19,8)
Getur ekki tekið þátt í íþróttum eða tómstundum	30,4	26,4	27 (28,1)
Getur ekki farið í bíó eða á tónleika	21,7	19,4	19 (19,8)

*p < 0,05, kí-kvaðrat.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður um það hvort börnin þekktu til fátækta í nærumhverfi sínu kemur í ljós að 12,8% barnanna töldu einhvern í sínum bekk búa við



fátækt en 6,7% töldu einhvern af vinum sínum búa við fátækt. Þá taldi 16,1% barnanna sig þekkja einhvern sem byggir við fátækt, en 83,3% barnanna töldu fátækt vera til á Íslandi. Ekki reyndist vera marktækur munur á milli skólahverfa á því hvort börnin þekktu til fátækta. Þá töldu 13,5% barnanna sig hafa verið fátæk á einhverjum tímabili í lífi sínu. Niðurstöður sýndu einnig að börn sem fundið hafa fyrir fátækt á eigin skinni eru marktækt líklegri til þess að þekkja til fátækta í sínu umhverfi en börn sem ekki hafa fundið fyrir fátækt. Þegar þetta er skoðað út frá fjölskylduáðstæðum þekkja marktækt fleiri sem búa hjá báðum foreldrum einhvern sem er fátækur.

Tafla 2. Mat barna á eigin fátækt og birtingarmynd fátækta í umhverfi sínu

	Hefur einhvern tíma fundið fyrir fátækt	Hefur aldrei fundið fyrir fátækt	Alls n(%)
Telur að einhver af vinum sínum sé fátækur*	27,3	3,8	6 (6,7)
Telur að einhver í bekknum sé fátækur*	38,5	8,6	12 (12,8)
Þekkir einhvern sem er fátækur*	41,7	12,3	15 (16,1)

*p < 0,05, kí-kvaðrat.


Tillögur barnanna

Þegar börnin voru spurð hvernig þau teldu að mætti styðja íslensk börn sem byggja við fátækt nefndu flest aðstoð í formi nauðsynja eins og peninga, mat, húsa-skjól og fatnað. Var slík aðstoð í ýmsum útfærslum, eins og kemur fram í svörum þeirra:

- Við getum gefið þeim mat sem við þurfum ekki, gefið þeim pening sem við þurfum ekki og fót sem við þöllum ekki lengur í.
- Gefa þeim mat, húsnæði, pening, síma, dót, gæludýr eða spjaldtölvu til að gleðja þau.

Þá telja 7,3% barnanna að það gæti hjálpað fátækum börnum að eignast sterkari fjölskyldu. Fæst barnanna eru á því að það ætti að hjálpa fólki að fá vinnu og aðeins 2,1% taldi að það ætti að spyrja fólkið sjálft hvað myndi hjálpa því. 4,2% þótti fýsilegur kostur að börnin yrðu ættleidd og 4,2% töldu að stjórnvöldum bæri skylda til þess að aðstoða:

Góðar ættleiðingar, borga í sjóð fyrir fátæk börn, minni matarkostnaður fyrir börn, lægra verð á frístundum, betri barnavernd, minni kostnaður á húsum/íbúðum og hærri laun.



Mynd 1. Tillögur barnanna um hvernig best sé að aðstoða íslensk börn sem búa við fátækt

Umræður

Eins og sjá má á niðurstöðum reyndist ekki vera marktækur munur á því hvort börnin þekktu til fátækta eftir skólahverfunum tveimur þó að niðurstöður annarra rannsókna hafi bent til þess að talsverður tekjumunur sé á þessum hverfum (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Það reyndist vera munur á því hvort börnin hefðu orðið vör við fátækt í umhverfi sínu eða ekki og sá munur tengdist fjölskylduáðstæðum þeirra. Þau börn sem töldu sig hafa búið við þær fjölskylduáðstæður að hafa upplifað fátækt höfðu frekar orðið vör við fátækt í nærumhverfi sínu en þau sem ekki töldu sig hafa upplifað fátækt.

Niðurstöðurnar sýna að flest börnin sem tóku þátt í rannsókninni telja að fátækt sé til í þeirra umhverfi og sum þeirra þekktu einhvern sem þau töldu lifa við fátækt. Í upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2019) kemur fram að um 11% fjölskyldna lifir undir lágtekjumörkum og því er ekki ólíklegt að mörg börn þekki til einhvers sem lifir við einhvers konar skort eða fátækt. 13,5% barnanna töldu sig hafa fundið fyrir fátækt einhvern tíma á ævinni. Hvorki var marktækur munur á milli skólahverfanna eða eftir fjölskylduáðstæðum á því hvort börnin höfðu upplifað sig búa við fátækt einhvern tímann yfir ævina. Hins vegar kom fram að börnin sem töldu sig hafa búið við fátækt sáu fátækt mun frekar í sínu nærumhverfi en þau sem aldrei höfðu fundið fyrir fátækt. Það samræmist hugmyndum bernskufræðinnar um að bernskan mótist af félagslegri smíð og menningu sem börn alast upp við og því geti börn þekkt og skilið betur þá menningu sem þau hafa reynslu af og komið auga á einkenni þeirrar menningar (James og Prout, 1998; Qvortrup, 1994).



Hvernig börnin skilgreindu fátækt tengdist sterkt efnislegum gæðum, svo sem skorti á fatnaði, húsnæði, peningum og mat. Þau töldu það merki um fátækt ef börn virtust eiga lítið af fötum eða ef fötin þeirra væru skítug eða rifin. Skortur á mat var í hugum þátttakenda skýrt merki fátæktar. Þetta er að mörgu leyti í takt við þær staðalmyndir sem börn virðast hafa af fátæku fólki og fjallað hefur verið um í fyrri rannsóknum. Algengt er að skilgreining barna á fátækt sé á þann veg að þeir sem séu ríkir eigi falleg föt, peninga og mat en fátækir eigi ekki mat, ekki falleg eða hlý föt og ekki öruggt húsnæði (Andresen og Meiland, 2019; Phiri og Abebe, 2016). Einnig má segja að þessar niðurstöður samræmist rannsókn Hervarar Ölmú Árnadóttur og Soffíu Hjördísar Ólafsdóttur (2019), þar sem talað var við börn sem bjuggu við fátækt en þeirra aðaláhýggjuefni tengdust húsnæðisöryggi og því að eiga ekki peninga fyrir fötum, og þurfa því að ganga í fötum sem aðrir höfðu gengið í og notað.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þátttakendur eru almennt með nokkuð sambærilegar tillögur um hvernig megi styðja börn sem búa við fátækt. Börnin settu flest fram tillögu um að þau sjálf myndu gefa fátækum börnum peninga, föt eða mat sem þau þyrftu ekki á að halda eða væru hætt að nota. Hvernig þátttakendur skilgreindu fátækt og hvernig mætti styðja fólk sem býr við bágar aðstæður má segja að einkennist einkum af eldri hugmyndum um stuðning til velferðar en ekki af samtímahugmyndum um samráð við notendur og valdeflingu. Tillögurnar voru í flestum tilfellum eins konar skammtímalausnir en tengdust því ekki hvernig mætti draga úr fátækt um lengri tíma.

Eins og komið hefur fram byggðist rannsóknin á spurningalista sem lagður var fyrir börn á Íslandi árið 2007 af Cynthiu Lisu Jeans (Jeans, 2007; Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008). Niðurstöður rannsóknarinnar frá árinu 2007 um tillögur barna um hvernig hægt væri að aðstoða börn sem búa við fátækt voru nokkuð sambærilegar niðurstöðum þessarar rannsóknar. Til að mynda má nefna að flest börnin í báðum rannsóknum töldu það hjálpa að gefa fátækum peninga, mat og föt. Í niðurstöðum frá árinu 2007 stungu sum börn upp á því að safna peningum og auk þess nefndu einhver aðstoð frá stjórnvöldum, eins og að aðstoða foreldra við atvinnuleit, lækka verðlag, reikninga og húsnæðisgjöld. Í fyrri rannsókninni nefndu fá börn aðstoð í formi félagslegra tengsla, eins og að vera vinur fátæku barnanna eða útvega þeim fjölskyldu, en heldur fleiri nefndu slíkt í þessari rannsókn (Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008).

Að lokum finnst höfundum mikilvægt að benda á hve brýnt er að gæta að réttindum barna á þátttöku í rannsóknum. Upplifun rannsóknaenda af samskiptum við hliðverði var ekki eins og búist var við og ekki í samræmi við réttindi barna til þátttöku, en þó var hún að mörgu leyti í takt við það sem kemur fram í gagnrýni annarra vísindamanna sem stunda rannsóknir með börnum (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015). Rannsakendum voru sett þröng skilyrði svo breyta þurfti spurningalistaum með þeim afleiðingum að erfitt reyndist að fá góða mynd af aðstæðum barnanna. Slíkar takmarkanir geta gert það að verkum að erfitt sé að fá skýra mynd af viðhorfum barna og umhverfi þeirra. Ef rannsakendum eru settar ofþröngar skorður og áhersla er fyrst og fremst á vernd, en ekki þátttöku, getur það komið niður á þátttöku barna og skert þar með réttindi þeirra og tækifæri til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri. Því er nauðsynlegt að vandað sé til verka og að gott samstarf sé á milli hliðvarða og þeirra sem koma að rannsóknum á eða með þessum viðkvæma hópi.

Segja má að niðurstöður þessarar rannsóknar sýni að þörf sé á umræðu um fátækt og hvernig sé viðeigandi að styðja börn sem búa við fátækt. Þó að þessi rannsókn fjalli um efnislega fátækt er mikilvægt að vekja athygli á því að fátækt getur einnig verið félagsleg og tilfinningaleg.

Heimildaskrá

- Andresen, S., og Meiland, S. (2019). Being poor from children's point of view. The potential of childhood theory and qualitative methods for child poverty research: Findings from two qualitative studies of poverty in Germany. *Children and youth services review*, 97, 94–99. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2017.07.010>
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Guðný Björk Eydal og Trausti Fannar Valsson. (2022). *Áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum*. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/%c3%81fallastj%c3%b3rnun%20stj%c3%b3rnvalda%20c3%ad%20Covid-19.pdf?fbclid=IwAR0TBGREh8yVWDfrVQ4GGgFy2nNej2bEcof4uQNfzBuK6dCEH8X8dCP8haY>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–306. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Bradshaw, J., Richardson, D. og Ritakallio, V. (2007). Child poverty and child well-being in Europe. *Journal of Children's Services*, 2(1), 18–36. <https://doi.org/10.1108/17466660200700003>
- Buheji, M., da Costa Cunha, K., Beka, G., Mavric, B., de Souza, Y. L., da Costa Silva, S. S. og Yein, T. C. (2020).

- The extent of covid-19 pandemic socio-economic impact on global poverty, a global integrative multidisciplinary review. *American Journal of Economics*, 10(4), 213–224. <https://doi.org/10.5923/j.economics.20201004.02>
- Carter, B. (2009). Tick box for child? The ethical positioning of children as vulnerable, researchers as barbarians and reviewers as overly cautious. *International Journal of Nursing Studies*, 46, 858–864. <https://doi.org/10.1016/j.ijnurstu.2009.01.003>
- Daley, K. (2015). The wrongs of protection: Balancing protection and participation in research with marginalized young people. *Journal of Sociology*, 51(2), 121–138. <https://doi.org/10.1177/1440783313482365>
- De Neubourg, C., Chai, J., de Milliano, M. og Plavgo, I. (2013). *Step-by-step guidelines to the multiple overlapping deprivation analysis*. <https://www.unicef-irc.org/publications/695-step-by-step-guidelines-to-the-multiple-overlapping-deprivation-analysis-moda.html>
- Drake, P. og Williams, E. (2022). *A Look at the economic effects of the pandemic for children*. <https://www.kff.org/coronavirus-covid-19/issue-brief/a-look-at-the-economic-effects-of-the-pandemic-for-children/>
- Engel, R. J. og Schutt, R. K. (2009). *The Practice of research in social work* (2. útgáfa), (bls. 407–448). SAGE.
- Fern, E. (2012). Developing social work practice through engaging practitioners in action research. *Qualitative Social Work*, 11(6), 156–173. <https://doi.org/10.1177/1473325010387672>
- Fragoso, K. P. (2019). Children in measurements of poverty within populations: Two problems with current indexes. Í *Philosophy and child poverty* (bls. 51–68). Springer, Cham.
- Graham, A. og Powell, M. A. (2015). Ethical Research Involving Children: Encouraging Reflexive Engagement in Research with Children and Young People. *Children & Society*, 29, 331–343. <https://doi.org/10.1111/chso.12089>
- Guðný Björk Eydal og Jeans, C. L. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(3), 17–25.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2017). *Þátttaka barna í vísindarannsóknunum. Almenn leiðsögn*. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2015). Hliðvörður – hvert er hlutverk þitt? Þátttaka barna í rannsóknunum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://ojs.hi.is/netla/article/view/2419>
- Hagstofa Íslands. (2019). *Lágtekjuhluftall eftir aldri og kyni 2004–2018*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur_3_tekjur_3_tekjur_lagtekjuhluftall/LIF01130.px/?rxid=6a8a774f-5e64-40b5-b720-8975a14696a6
- Hakovirta, M., og Kallio, J. (2016). Children's perceptions of poverty. *Child Indicators Research*, 9(2), 317–334. <https://doi.org/10.1007/s12187-015-9315-5>
- Heberle, A. E., Kaplan-Levy, S. A., Neuspiel, J. M. og Carter, A. S. (2018). Young children's reasoning about the effects of poverty on people experiencing it: A qualitative thematic analysis. *Children and Youth Services Review*, 86, 188–199. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2018.01.036>
- Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(13), 13–20.
- Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir. (2015). Skipan talsmanns fyrir börn – grundvöllur ákvörðunnar og framkvæmd. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 11(2), 313–332. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.10>
- James, A., Jenks, C. og Prout, A. (2012). *Theorizing childhood*. Policy Press.
- Jeans, C. L. (2007). *Child poverty in Iceland: The child's perspective*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Martins, P. C., Oliveira, V. H. og Tendais, I. (2018). Research with children and young people on sensitive topics – The case of poverty and delinquency. *Childhood*, 25(4), 458–472. <https://doi.org/10.1177/0907568218793931>
- Mayall, B. (2009). *Towards a sociology for childhood: Thinking from children's lives* (4. útgáfa). Open University Press.
- Mossige, S. og Backe-Hansen, E. (2013). For sensitivt for ungdom. Í H. Fossheim, J. Holen og H. Ingigerd (ritstjórar), *Barn i forskning* (bls. 43–71). De nasjonale forskningsetiske komiteene.
- Odenbring, Y. (2019). The daily life and reality behind child poverty in Sweden: Children's and adolescents' voices. *Child Indicators Research*, 12(3), 847–859. <https://doi.org/10.1007/s12187-018-9558-z>
- Phiri, D. T. og Abebe, T. (2016). Suffering and thriving: Children's perspectives and interpretations of poverty and well-being in rural Zambia. *Childhood*, 23(3), 378–393. <https://doi.org/10.1177/0907568216637654>
- Powell, M. A., Graham, A., McArthur, M., Moore, T., Chalmers, J. og Taplin, S. (2020). Children's participation in research on sensitive topics: addressing concerns of decision makers. *Children's Geographies* 18(3) 325–338. <https://doi.org/10.1080/14733285.2019.1639623>
- Qvortrup, J. (1994). Childhood matters: an introduction. Í J. Qvortup, M. Bardy, G. Sgritta, G. og H. Wintersberger, (ritstjórar). *Childhood matters: Social theory, practice and politics* (bls. 1–23). Avebury.
- Reeves, C. (2010). A difficult negotiation: Fieldwork relations with gatekeepers. *Qualitative Research*, 10(3), 315–331. <https://doi.org/10.1177/1468794109360150>
- Ridge, T. (2009). Living with poverty: A review of the literature on children's and families' experiences of poverty. <http://dera.ioe.ac.uk/11015/1/rrep594.pdf>
- Seim, S. og Slettebø, T. (2017). Challenges of participation in child welfare. *European Journal of Social Work*, 20(6), 882–893. <https://doi.org/10.1080/13691457.2017.1320531>
- Skelton, T. (2008). Research with children and young people: Exploring the tensions between ethics, competence, and participation. *Children's Geographies*, 6(1), 21–36. <https://doi.org/10.1080/14733280701791876>
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölpjóðlegum samamburði* (bls. 257–258). Tryggingarstofnun ríkisins.
- Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal. (2012). Fátækt og



- fjárhagsþrengingar. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstjórar). *Þróun velferðarinnar 1988–2008*, (bls 339–365). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Tatlow-Golden, M., og Montgomery, H. (2020). Childhood studies and child psychology: Disciplines in dialogue? *Children & Society*, 35(1), 3–17. <https://doi.org/10.1111/chso.12384>
- Van Lancker, W., og Parolin, Z. (2020). COVID-19, school closures, and child poverty: a social crisis in the making. *The Lancet Public Health*, 5(5), 243–244. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(20\)30084-0](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(20)30084-0)
- Vis, S. A., Holtan, A. og Thomas, N. (2012). Obstacles for child participation in care and protection cases—why Norwegian social workers find it difficult. *Child Abuse Review*, 21, 7–23. <https://doi:10.1002/car.1155>
- Vis, S. A., Strandbu, A., Holtan, A., og Thomas, N. (2011). Participation and health – a research review of child participation in planning and decision-making. *Child and Family Social Work*, 16(3), 325–335. <https://doi:10.1111/j.1365-2206.2010.00743.x>
- Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. (2014). https://www.hi.is/sites/default/files/oddstu/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf